



www.akureyri.is  
**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



# Reglur um stuðning við frumkvöðla og fyrirtæki

## 1. Markmið

Akureyrarbær býður frumkvöðlum og fyrirtækjum, sem vilja hefja starfsemi í nýjum atvinnurekstri hér í bæ, tímabundna aðstoð með samningum við bæjarsjóð um greiðslu lóðar-, orku- og fasteignagjalda í samræmi við umsvif starfseminnar.

## 2. Megináherslur

Akureyrarbær leggur áherslu á stuðning við verkefni sem tengjast markmiðum bæjarins um uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu:

1. Nýsköpun og atvinnutækifæri í tengslum við sjávarútveg, iðnað og landbúnað.
2. Nýsköpun og atvinnutækifæri í tengslum við hátækni iðnað og upplýsingatækni.
3. Samstarfsverkefni atvinnulífsins og Háskólans á Akureyri.

## 3. Styrktarform

1. Stuðningur bæjarins er að hámarki til þriggja ára.
2. Stuðningur Akureyrarbæjar byggist á samningum sem verða gerðir milli einstakra styrkþega og Akureyrarbæjar sem skilgreinir þau sameiginlegu markmið sem stuðningur grundvallast á. Stuðningur miðast við að styrkja verkefni (fyrirtækin) sem nemur lóðar-, orku- og fasteignagjöldum. Styrkþegar í leiguhúsnæði fá greitt í samræmi við ofangreind gjöld húseiganda.
3. Stuðningurinn miðast að hámarki við 100% afslátt af orku- og fasteignagjöldum á fyrsta ári, 75% á því næsta og 50% á þriðja ári.
4. Afsláttur af lóðargjöldum miðast við allt að 50% ef byggt er yfir starfsemina meðan á stuðningstíma stendur.
5. Þátttaka bæjarins byggir á markmiðum sem fyrirtækin setja sér um vöxt og fjölgun ársverka.
6. Uppbygging opinberra starfa sem tengjast áherslusviði Akureyrarbæjar geta í undantekningartilfellum fallið að verkefnum þegar þau eru afmörkuð og skýrt skilgreind. Hér er um að ræða rannsóknar- og eftirlitsstörf í sjávarútvegi, landbúnaði og fiskeldi og opinber sérfræðistörf tengd Háskólanum á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

#### 4. Takmarkanir

1. Akureyrarbær styður ekki verkefni sem raska samkeppnisstöðu fyrirtækja á starfssvæðinu.
2. Akureyrarbær styður aðeins eitt sambærilegt verkefni á hverjum tíma – þ.e. ekki verða styrkt tvö fyrirtæki í innbyrðis samkeppni sbr. grein 4.1.
3. Ef fyrirtæki flytur burt meðan á stuðningi stendur endurgreiðir það þann stuðning sem félagið fékk á fyrsta ári samningsins (gert fyrirfram með tryggingarvixli með gildistíma í þrjú ár.) Þessi endurgreiðsla er vaxtalaus eingreiðsla með gjalddaga eigi síðar en 60 dögum eftir flutning.
4. Ef fyrirtæki sem stuðning hlýtur nýtir ekki allt það húsnæði sem það hefur til umráða og hefur tekjur af því rými (s.s. útleigu til annars fyrirtækis) verður styrkurinn hlutfallslega lækkaður skv. þeirri nýtingu.
5. Verði breytingar á forsendum sem styrkveiting til verkefnis byggir á getur bæjarráð endurskoðað eða afturkallað ógreiddar styrkuppþæðir.
6. Stuðningur þessi tekur ekki til verkefna sem snúa að rekstrarerfiðleikum fyrirtækja né heldur verkefna á sviði stóriðnaðar.

#### 5. Umsóknir

Sótt skal um stuðning til Akureyrarbæjar á umsóknareyðublaði þar sem fram kemur m.a. nákvæm lýsing á verkefninu og ávinningur af því fyrir bæjarfélagið.

#### 6. Vinnufyrirkomulag

Forgangsröðun verkefna á sviðum sem falla undir verkefnið er ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Bæjarstjórn skal vera stefnumarkandi aðili og taka ákvarðanir um verkefni sem eru stærri umfangs en fjárheimild fjárhagsáætlunar gerir ráð fyrir. Bæjarráð hefur umsjón með framkvæmd og fjárhagsramma verkefna sem tengjast stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Það hefur jafnframt leyfi til túlkunar á einstökum ákvæðum þessara reglna.

#### 7. Upphæðir og framkvæmd

1. Ekki er skilgreint þak á framlögum til þessa verkefnis. Árlega skal þó gerð áætlun um framlög næsta árs fyrir fjárhagsáætlunargerð.
2. Bæjarráð hefur umsjón með framkvæmd reglnanna.

#### 8. Útfærsla styrkveitinga

Styrkir verði greiddir tvisvar á ári þegar gögn, sem þurfa að hafa borist, hafa verið móttekin. Slik gögn eru eftirfarandi:

1. Staðfesting á að viðkomandi sé í skilum við bæjarfélagið með greiðslu opinberra gjalda og í tilfelli leigutaka í skilum við húseiganda.
2. Greinargerð um stöðu og framvindu verkefnis.

Ef fyrirtæki þarf á samningstímanum að flytja í annað húsnæði á Akureyri – til dæmis að stækka við sig eða kaupa í stað þess að leigja, heldur stuðningur áfram m.v. nýjar aðstæður en slíkar breytingar eru háðar samþykki bæjarráðs.

*Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar á fundi 4. mars 2003*

*Umsóknareyðublöð liggja frammi í þjónustuanndyri Akureyrarbæjar,  
Geislagötu 9 og á heimasíðu bæjarins: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)*



# Umsóknareyðublað um gerð Eflingarsamnings milli umsækjanda og Akureyrarbæjar

Nafn fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Kt. fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Heimilisfang fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Nafn forsvarsmanns/ umsækjanda: \_\_\_\_\_

Sími forsvarsmanns: \_\_\_\_\_

Starfsemi fyrirtækis og staða: \_\_\_\_\_

Starfsemin í beinni samkeppni við fyrirtæki á starfssvæðinu?: \_\_\_\_\_

Í óbeinni samkeppni?: \_\_\_\_\_

Ef já við hvaða starfsemi?: \_\_\_\_\_

## Markmið á starfstíma:

- Flutningur inn á starfssvæðið
- Efling starfsemi s.s. verulega framleiðsluaukning, stækkun markaða
- Aukin umsvif s.s. ný vara eða þjónusta

(Merkið í viðeigandi reit. Hægt er að merkja í fleiri en einn reit)

Ef umsækjandi er í beinni samkeppni við fyrirtæki á starfssvæðinu á núverandi sviði en ekki í samkeppni með nýja starfsemi þarf að sýna fram á hlutfallslega nýtingu húsnæðis undir nýju starfseminum sem er styrkhæf.

Hvernig fyrirtæki hyggst ná markmiðunum: \_\_\_\_\_

## Hvernig markmiðin eru mæld (til dæmis):

- Flutti fyrirtækið starfsemi sína hingað:  Já  Nei
- Aukin útrás – hlutdeild viðskipta frá nýjum mörkuðum.  
Árið \_\_\_\_\_ %, \_\_\_\_\_ %
- Umsvif – Aukið vöruframboð á arðvænlegum afurðum. Fjöldi nýrra vörunúmera á ári.
- (eigin mælieining)

## Áætlaður kostnaður sem sótt er um stuðning vegna:

	Á mánuði	Á ári		Á mánuði	Á ári
Fasteignagjöld	_____	_____	Hita og vatnsveita	_____	_____
Lóðargjöld	_____	_____	Rafmagn	_____	_____

Ef um flutning er að ræða eða starfsemin á sér stað í öðru húsnæði en núverandi húsnæði gefið mat á eftirfarandi:

Stærð húsnæðis: \_\_\_\_\_ m<sup>2</sup>      Áætluð orkunotkun: \_\_\_\_\_ KWst./ári.

## Yfirlýsing:

Ég undirritaður staðfesti hér með að ofangreindar upplýsingar eru veittar samkvæmt bestu vitund. Ég mun einnig fyrir hönd fyrirtækisins skuldbinda mig til að gefa upplýsingar um framvindu ofangreindra árangursbreyta á 6/12 mánaða fresti til að staðfesta framvindu verkefnisins. Mér er ljóst að fyrirtækinu er ætlað að standa við þau skilgreindu markmið sem samkomulagið tekur til og ef til vanafrá kemur mun fyrirtækið endurgreiða þann hluta stuðningsins sem greiddur er út á fyrsta starfsári samningsins skv. tryggingarvaxli sem gerður verður.

Fh: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_